

**3365. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,
9. janúar 2019 og hófst hann kl. 08:15.**

Fundinn sátu:

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sædís Alexía Sigurmundsdóttir verkefnastjóri og Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri.

Fundargerð ritaði: Sædís Alexía Sigurmundsdóttir, verkefnastjóri.

Fyrir tekið:

1. **1901009 - Fundargerðir 2019 - menningar- og safnanefnd**
65. fundargerð menningar- og safnanefndar frá 7. janúar 2019.
Fundargerðin er lögð fram til kynningar.
2. **1809207 - Bjarg íbúðafélag hses samkomulag um samstarf vegna útleigu**
Uppbygging Bjargs íbúðafélags á leiguíbúðum á Akranesi.

Björn Traustason framkvæmdastjóri Bjargs og Vilhjálmur Birgisson annar varaforseti ASÍ og formaður VLFA taka sæti á fundinum undir þessum lið kl. 08:15.

Bæjarráð þakkar þeim Birni og Vilhjálmi fyrir komuna á fundinn og fyrir greinargóðar upplýsingar um stöðu framkvæmda á byggingu íbúða á Asparskógum á Akranesi.

3. **1805067 - Frístundamiðstöð / golfskáli við Garðavöll**
Kynning á stöðu framkvæmda og um verðkönnun vegna veitingareksturs í nýju frístundahúsi á golfvellingum.

Guðmundur Sigvaldason framkvæmdastjóri Leynis tekur sæti á fundinum undir þessum lið kl. 09:00.

Bæjarráð þakkar Guðmundi fyrir komuna á fundinn og fyrir greinargóða kynningu á stöðu mála varðandi frístundamiðstöðina.

4. **1901098 - Kauptilboð / húsnæði vegna Guðlaugar**

Bæjarráð samþykkti á fundi sínum þann 13. desember síðastliðinn tillögu um kaup á færanlegu mannvirki vegna starfsmannaaðstöðu og salernum við Guðlaugu og fól bæjarstjóra úrvinnslu málsins.

Kaupsamningur þess efnis er lagður fram til samþykktar í bæjarráði en um er að ræða færanlegt húsnæði í eigu Golfklúbbsins Leynis að fjárhæð kr. 6.000.000, þar af húsnæði kr. 5.750.000 og flutningur þess kr. 250.000.

Bæjarráð samþykkir kaupsamninginn að fjárhæð kr. 5.750.000 ásamt kostnaði vegna flutnings og skal kostnaði ráðstafað af fjárfestinga- og framkvæmdaáætlun 2019 með tilfærslu á milli fjárfestingarliða, sbr. bókun bæjarráðs frá 13. desember síðastliðnum.

Bæjarráð vísar samningnum til staðfestingar í bæjarstjórn Akraness.

- 5. 1812049 - Sérkennsla á vorönn - umsókn um aukinn tíma**
Afgreiðsla skóla- og frístundaráðs frá fundi ráðsins þann 18. desember sl. um umsókn Garðasels varðandi umsókn um sérkennslu á vorönn. Ráðið beinir til bæjarráðs að afgreiðslan leiði ekki til hækkunar á nýsamþykkttri fjárhagsáætlun.
Bæjarráð samþykkir erindið.
- 6. 1809049 - Teigasel - viðbótar stuðningstímar veturinn 2018-2019**
Afgreiðsla skóla- og frístundaráðs frá fundi ráðsins þann 18. desember sl. um umsókn Teigasels varðandi umsókn um sérkennslu á vorönn. Ráðið beinir til bæjarráðs að afgreiðslan leiði ekki til hækkunar á nýsamþykkttri fjárhagsáætlun.
Bæjarráð samþykkir erindið.
- 7. 1804090 - Afskriftir 2018**
Afskriftarbeiðni Sýslumannsins á Vesturlandi.
Bæjarráð samþykkir afskriftarbeiðni Sýslumannsins á Vesturlandi að fjárhæð kr. 4.128.313 vegna ársins 2018.
- 8. 1901155 - Starfsemi Sýslumannsins á Vesturlandi á Akranesi**
Starfsemi Sýslumannsins á Akranesi.
Bæjarráð felur bæjarstjóra að senda erindi til dómsmálaráðherra varðandi eflingu á starfsemi Sýslumannsins á Akranesi.
- 9. 1901121 - Velferðarstefna Vesturlands**
Umsagnarbeiðni um nýja velferðarstefnu Vesturlands.
Bæjarráð færir starfshópi um gerð velferðarstefnu Vesturlands þakkir fyrir góða og mikilvæga vinnu við gerð stefnunnar. Bæjarráð leggur til að sameiginlegur kynningarfundur verði haldinn fyrir hagsmunaaðila á Akranesi innan tveggja vikna og í kjölfarið lögð fram drög að umsögn sem lögð skal fram í bæjarstjórn Akraness 12. febrúar næstkomandi.
- 10. 1901028 - Þorrablót Skagamanna 2019 - tækifærisleyfi, íþróttahús o.fl.**
Árgangur 71 sem stendur fyrir Þorrablóti Akurnesinga, þakkar Akraneskaupstað fyrir myndarlega aðkomu síðustu ár og óskar eftir að Akraneskaupstaður taki áfram þátt með vali á Skagamanni ársins sem og að leggja blótinu til endurgjaldslaus afnot á íþróttahúsinu á Vesturgötu. Hjalagt er erindi árgangs 71 ásamt erindi Sýslumannsins á Vesturlandi um tækifærisleyfi vegna blótsins.

Sævar Freyr Þráinsson bæjarstjóri víkur af fundi undir þessum lið.
Bæjarráð samþykkir að taka áfram þátt í vali á Skagamanni ársins og að leggja Club 71 endurgjaldslaus afnot á íþróttahúsinu á Vesturgötu laugardaginn 26. janúar næstkomandi vegna Þorrablóts Skagamanna. Bæjarráð gerir jafnframt ekki athugasemdir við veitingu leyfisins.

SFP tekur sæti á fundinum á ný.
- 11. 1901120 - Höfðavinir - beiðni um stuðning**
Beiðni um stuðning frá Höfðavinum, aðstandendafélags íbúa á Höfða hjúkrunar- og dvalarheimili.
Bæjarráð þakkar fyrir erindið og leggur til stuðnings samtals kr. 150.000 til Höfðavina.

12. 1901031 - Málþing um afleiðingar kvótakerfis í sjávarútvegi fyrir Akranes

Erindi Stefáns Skafta Steinólfssonar um málþing um afleiðingar kvótakerfis í sjávarútvegi fyrir Akranes.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og felur bæjarstjóra afgreiðslu þess.

13. 1901147 - Íþróttamaður Akraness 2018

Kjör íþróttamanns Akraness var tilkynnt við hátíðlega athöfn þann 6. janúar síðastliðinn í íþróttahúsinu við Jaðarsbakka.

Bæjarráð óskar Valdísi Þóru Jónsdóttur kylfingi frá Golfklúbbnum Leyni innilega til hamingju með titilinn íþróttamaður ársins 2018.

Sömuleiðis sendir bæjarráð hamingjuóskir til Jakobs Svavars Sigurðarsonar hestaíþróttamanns sem varð annar í kjörinu og Stefáns Gísla Örylgssonar skotíþróttamanns sem varð þriðji í kjörinu og til allra þeirra sem tilnefndir voru.

14. 1901128 - Team Rynkeby Ísland 2019

Styrkbeiðni frá Team Rynkeby Ísland.

Bæjarráð þakkar fyrir erindið og óskar hjólreiðamönnum góðs gengis í ár en því miður getur bæjarráð ekki orðið við erindinu að svo stöddu.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 11:45.

Eisa Lára Arnardóttir

Valgeir G. Jónsson

Rafel Óskunnar

Samir ívör Þórisson

Sorccis Alexia Sigmundsdóttir